

I bokabúð.

I.

Bókabúðir eru blessunarríkar stofnanir, jafnvel fyrir þá sem eins lítið geta launum hrósað og heið sem hjer á Íslandi reyna til að vinna að vitkun, og minna geta keypt af bókum en vildu. Þegar maður, sem talsverða æfingu hefir í að lesa, hefir staðið drjúgar stundir í nokkrum bókabúðum í Lundúnnum, Finska Óslands, Berlín, þá snýr hánheim til tilhássins talsvert breyttur, en líka talsvert fróðari en áður. Óf jafnvel þó að í minni borgum sje, má hafa mikið gagn af að standa stund og stund í bókabúð (þar sem menn þó auðvitað kaupa eitthvað við og við). Og í gær stóð jeg fí hinni nýju og fallegu bókabúð Guðmundar Gamalielssonar í Lækjargötu, og var að lesa Þjóðréknistámarit Vestur-Íslendinga. Þar er ágæt ritgerð eftir sjera Kjartan Helgason, og önnur eftir sjera Magnús bróður hans. Sjera Kjartan gerir mikið úr þýðingu skáldanna, eins og rjett er, en þó má ekki gleyma þýðingu þeirra rithöfunda, sem ekki eru skáld. Hver hefir til síns ágætis nokkuð, og sá andlegi kraftur, sem hjá einum fer til að hugsa upp sögu eða til braglistar, fer hjá öðrum í starf, sem leiðir til fræðslu og aukinnar bekkingar. Og mættí margt um slikt rita, og ef til vill ekki óþarf. En aðalatriðið er, að þeir sem skifta með sjér verkum eftir ástaðum og tilistari, gatir vcrið betur samtaka en vanalegt hefir verið. Vísindi, listir og skáldskapur þyrftu að vera betur samtaka sín á milli og eins yfir daglegt lif.

II.

Ritgerð sjera Magnúsar er um Landnámu. Hversu vitur maður þar ritar, má marka af því, hvernig kann rekur saman skapferli Hrolaugs Mærajarls og þessa góða manns Halls af Siðu, sem af honum var kominn. Slíkt gera ekki aðrir en góðir rithöfundar.

Þá er enn skemtileg ritgerð eftir Steingrím Matthíasson, og margt fleira er gott í því tímariti. En Landnámuritgerðin var þó það, sem jeg las vandlegast. Það er svo mikilsvert að það sje brýnt fyrir mönnunum, að meta að makleikum þá dæmalansu bók sem Landnáma er.

Okt. 22. Helgi Pjeturss.